

96 ir hinum eldri lögum, að hann telji sjer söluna bagalause og missi einskis í 22. júlí. við hana.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandanum, að stjórnarráðið litur svo á, að heimilt sje samkvæmt lögum nr. 50 frá 16. nóvember 1907 að selja sjálfstæðar hjáleigur frá kirkjujörðum þeim, sem söluheimild laganna nær yfir, ef ástæður mæla með að öðru leyti. En með því að kirkjujarðir, sem prestar sitja á, eru undanskildar heimild laganna, álist heldur ekki heimild til að selja hjáleigur frá þeim, vegna þess sambands, sem að lögum er milli heimajarðar og hjáleigu, sbr. lög 12. janúar 1884, 1. gr. in fine.

97 Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting a launakjörum
14. ágúst. **nokkurra presta.**

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi yðar, dagsettu 11. þ. m. og ósk hlutaðeigenda hefir stjórnarráðið fallist á að eftirnefndir prestar frá fardögum síðastliðnum að telja taki laun sin eftir lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

A. *I fyrsta launaflokki* (1700 kr.).

Sjera Jónas Pjetur Hallgrímsson í Kolfreyjustaðarprestakalli.

B. *I öðrum launaflokki* (1500 kr.).

1. Sjera Sigfús Jónsson í Mælifellsprestakalli.

2. — Jón Finnsson í Hofsprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi.*)

C. *I þriðja launaflokki* (1300 kr.).

Sjera Böðvar Bjarnason í Rafnseyrarprestakalli.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

98 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endur-
19. ágúst. **veiting hlunninda handa sparisjóði Kinnunga.**

Útaf beiðni, er hingað hefir borist frá formanni sparisjóðs Kinnunga, vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um næstu 5 ár frá 1. okt. þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðunum um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

*) 200 kr. erfiðleikauppbót.